



Karلاكórinn Hreimur



& Ljótu hálfvitarnir



Stjórnandi
Steinþór Þráinsson



Undirleikur
Steinunn Halldórsdóttir

Vorfagnaður Karlakórsins Hreims verður að Ýdölum Aðaldal laugardaginn 11. apríl kl. 20.30.

Gestir og veislustjórar eru Ljótu hálfvitarnir.

Kaffihlaðborð verður á sínum stað og dansleikur á eftir.

Miðaverð 5.000 kr. Forsala aðgöngumiða og miðapantanir á Hársnyrtistofunni Toppnum á Húsavík – sími 464 2131 og í Dalakofanum á Laugum – sími 464 3344.



Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

9. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 18. mars 2015

Afmælisbörn dagana 19. mars — 25. mars 2015

- 19. Katla Böðvarsdóttir, Steingrímur Örn Kristjánsson.
- 20. Adrian Kuc, Þórunn Birna Ragnarsdóttir.
- 21. Sýlvía Halldórsdóttir, Þórhalla Valgeirsdóttir.
- 25. Jörgen Þorbergur Ásvaldsson.

Krakkar.

Sunnudaginn næsta 22. mars verður stund í Reykjahlíðarkirkju klukkan 11:00.

Við föndrum, horfum á "Daginn í dag", æfum páskahelgileikinn og gerum margt fleira.

Hlökkum til að sjá ykkur.
Dórothea og Örnólfur



21. mars - Laugardagur.

Við bjóðum öllum að mæta og eiga góðan dag með okkur næstkomandi laugardag 21. mars.

Bjóðum upp á kleinur og heitt súkkulaði handa öllum áhorfendum.

Endanleg staðsetning verður auglýst betur seinna á Facebook síðu Mývatnssleðans.



Minum á aðalfund
Búnaðarfélags Skútustaðahrepps
sem haldinn verður á morgun, fimmtudaginn 19. mars
kl. 20:00 í Sel hóteli.

Venjulega aðalfundarstörf,
kosningar,
önnur mál.

Nýir félagar velkomnir.
Stjórnin.



Áheit.

Við nemendur í 9. og 10. bekk Reykjavíkarskóla stefnum á að fara í skólaferðalag til Austurríkis 6.-12. júní n.k. þar sem við tökum þátt í umhverfisráðstefnu á vegum umhverfisráðuneytis Vínarborgar.

Á þessari ráðstefnu verða ýmsar aðrar Evrópuþjóðir og samskiptamál verður enska.

Við munum búa í tjöldum í Þjóðgarðinum Donau CampLobau í útjaðri Vínarborgar. Þar tökum við þátt í spennandi dagskrá sem byggir á umhverfisvernd. Þetta er í sjöunda skipti sem skólanum er boðið að taka þátt í þessu verkefni og erum við einu fulltrúar Íslands á þessari ráðstefnu.

Þetta er dýrt ferðalag og því leitum við eftir stuðningi sveitunga okkar um styrk í formi áheita.

Við erum búin að setja saman svokallaðan Mýkarl sem felst í að synda 5 km, hjóla 2 hringi umhverfis Mývatn, þ.e. 72 km. og hlaupa 10 km.

Næstu daga munum við leita eftir stuðningi einstaklinga og fyrirtækja.

Með von um góðar undirtektir
Nemendur í 9.-10. bekk Reykjavíkarskóla



Skútustaðahreppur

Breyting á deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis í Björk.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 11. mars 2015 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi í Björk, Vogum í Skútustaðahreppi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr 123/2010. Svæðið er skilgreint sem **334-O/V** (Opin svæði til sérstakra nota og verslunar- og þjónustusvæði). Breytingin felst í því að núverandi skipulagssvæðið er stækkað úr 6000 m² í um 9500 m² þannig að allar núverandi byggingar á svæðinu lendi innan byggingarreits og jafnframt verði heimilt að endurbyggja hús á skipulagssvæðinu, sem eiga að víkja skv. gildandi deiliskipulagi. Í tillögunni eru einnig settir byggingarskilmálar fyrir hús innan skipulagssvæðisins.

Tillöguuppráttur með greinargerðum mun liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni, frá og með föstudeginum 20. mars 2015 með athugasemdarfresti til og með föstudeginum 1. maí 2015. Þá eru upplýsingar og aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: <http://www.myv.is/Skipulagsauglýsingar>. (Hnappur á forsíðu)

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 1. maí 2015. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Bjarni Reykjálín,
skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps

Aðalfundur **Fjöreggs**,
félags um náttúruvernd og heilbriggt umhverfi í Mývatnssveit,
verður haldinn í Skjólbrekku
fimmtudagskvöldið 26. mars kl. 20:00.



Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf og að þeim loknum verður fræðsluerindi um notkun grænmetis á ýmsa vegu, m.a. með það í huga hvernig við nýtum betur og hendum síður mat. Kristín Aðalsteinsdóttir, prófessor emeritus í kennslufræðum frá Akureyri flytur erindið.

Kosið verður í stjórn skv lögum félagsins og hér með er óskað eftir framboðum eða tilnefningum í stjórn þess.

Vonandi sjá sem flestir sér fært að koma – nýir félagar ávallt velkomnir. Við minnum á heimasíðu félagsins www.fjoregg.is - og facebook síðuna Fjöregg og netfangið fjoregg@gmail.com.

Með góðri kveðju.
Stjórnin

Mýflugan

**Kæru lesendur
og viðskiptavinir.**

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.

Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

15. fundur

að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 11. mars kl. 09:15

Mættir: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Helgi Héðinsson varamaður í forföllum Guðrúnar Brynleifsdóttur, Sigurður G. Böðvarsson, Friðrik K. Jakobsson og Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð skipulagsnefndar frá 2. mars 2015.
3. Fundargerð skólanefndar frá 5. mars 2015.
4. Fjármál sveitarfélagsins – fyrstu niðurstöður rekstar 2014.
5. Málefni tónlistarskóla.
6. Málefni leikskóla – sumaropnun 2015-2018.
7. Málefni Dvalarheimilisins Hvamms – framlög eignaraðila 2015.
8. Erindi Air66 flugklasa frá 25. febrúar 2015.
9. Samningur um seyrulosun í landi Litlustrandar.
10. Skýrsla sveitarstjóra - munnleg.
11. Vegamál í Skútustaðahreppi- fulltrúar Vegagerðarinnar mæta til fundar.
12. Aðalfundur Mývatnsstofu ehf.
13. Nafngift á nýju náttúrfyrirbæri norðan Vatnajökuls.

Til kynningar:

Minnipunktur af fundi um úrgangsmál á Norðurlandi frá 11. febrúar 2015

Fundargerð stjórnar Eyþings frá 4. febrúar 2015

Fundargerð sameiginlegs fundar stjórnna Eyþings og SSA með þingmönnum NA kjördæmis frá 15. febrúar 2015

Fundargerðir stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 20. og 27. febrúar 2015

Fundargerðir stjórnar Dvalarheimilisins Hvamms frá 4 og 11 febrúar 2015

Afgreiðslur

1. Oddviti setti fund og lagði til að lið 12 og 13, Aðalfundur Mývatnsstofu 2015 og Nafngift á nýju náttúrfyrirbæri norðan Vatnajökuls yrði bætt á dagskrá. Samþykkt samhljóða.
2. Lögð fram fundargerð skipulagsnefndar frá 2. mars s.l. Fundargerðin er í sjö liðum. Eftirfarandi bókanir voru gerðar vegna fundargerðarinnar.

Liður 4. Námaskarð. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfið eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um. Vakin er athygli umsækjanda á því að í aðalskipulagi eru skilyrði um að sett verði sérstök ákvæði um umgengni og frágang námunnar á vinnslutíma.

Liður 5. Vogar. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Björk.

Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagstillagan verði auglýst eins og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um þegar fullnægjandi gögn hafa borist. Jafnframt felur hún skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna deiliskipulagsbreytingarinnar eins og fyrrgreind lög mæla fyrir um.

Liður 6. Vogar 2. Umsókn um stofnun lóðarhluta.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðarhlutann í fasteignagrunni Þjóðskrár.

Liður 7. Vogar 4. Umsókn um stofnun lóðarhluta.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðarhlutann í fasteignagrunni Þjóðskrár.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðarína að öðru leyti.

3. Lögð fram fundargerð Skólanefndar frá 5. mars 2015. Fundargerðin er í 10 liðum. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.
 4. Lögð fram útskrift úr aðalbók rekstar sveitarfélagsins og undirstofnanna fyrir árið 2014. Sveitarstjóri fór yfir helstu liði og skýrði helstu frávik frá áætlun. Ljóst er að nokkur halli verður af rekstri sveitarfélagsins á árinu 2014. Helstu skýringar má rekja til gjaldfærslu í tengslum við sölu og uppgjör á Sorpsamlagi Þingeyinga, auk þess sem framlag jöfnunarsjóðs er lægra en ráð var fyrir gert. Nokkrar umræður urðu undir þessum lið en ekki voru gerðar sérstakar bókanir.
 5. Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu. *Sveitarstjórn samþykkir að veita nemendum í tónlistarnámi afslátt á þáttökugjöldum í tónlistarnámi á vorönn 2015 í ljósi 5 vikna verkfalls tónlistarkennara á haustönn 2014 sem nemur þeim tíma sem kennsla féll niður vegna verkfallsins. Þáttökugjöld þeirra nemenda sem hætt hafa námi verða endurgreidd miðað við tímalengd verkfallsins.*
- Viðauki 1.** Sveitarstjóri lagði fram tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun 2015 um lækkan á tekjum tónlistarskólans vegna framangreindar ákvörðunar að fjárhæð 430.000 á lykil 04-51-0580. Tekjutapi verði mætt með lækkan á handbæru fé. Samþykkt samhljóða.
6. Oddviti kynnti lokaskýrslu nefndar sem vann að úttekt á möguleikum til frítöku leikskólabarna í kjölfar óska foreldra um frí utan sumarmánaða. Mat var lagt á hag barna, óskir foreldra (með skoðanakönnun), hag sveitarfélagsins í víðu samhengi og fyrirkomulag annarra sveitarfélaga á leikskólafríum. *Sveitarstjórn samþykkir, að þrátt fyrir auðsýnda þörf ákveðins hluta foreldra, sé hagur barna og sveitarfélagsins á endanum metinn meiri með því að loka leikskólanum Yl í fjórar vikur í júlí og ákveðið að svo skuli verða árin 2015-2018. Jafnframt felur sveitarstjórn varaoddvita í samráði við sveitarstjóra og*

leikskólastjóra að útfæra tillögu að gjaldfrjálsum fjögurra vikna samfelldum frítökurétti yfir vetrarmánuðina til þess að koma til móts við þær fjölskyldur sem geta ekki notið samvista í sumarleyfi á þeim tíma sem leikskólinn verði lokaður. Tillögurnar skulu lagðar fyrir sveitarstjórn fyrir lok marsmánaðar. Samþykkt samhljóða.

7. Lögð fram áætlun stjórnar DH varðandi framlög eignaraðila vegna afborgana og vaxta vegna ársins 2015. Framlag Skútustaðahrepps nemur kr. 2.014.010. *Sveitarstjórn samþykkir framlagða áætlun fyrir sitt leyti.*
8. Í erindinu er starfsemi flugklasans Air 66 kynnt og þess farið á leit að sveitarfélög á starfssvæði Markaðsstofu Norðurlands styrki starfsemi flugklasans til þriggja ára með fjárframlagi sem nemur 300 kr/pr. íbúa. Jafnframt bjóðast forsvarsmenn flugklasans til að funda með sveitarstjórn til að kynna málið frekar. *Sveitarstjórn samþykkir að bjóða forsvarsmönnum flugklasans til fundar við fyrsta tækifæri.*
9. Lagður fram samningur við Birgi Steingrímsson um leyfi fyrir seyrulosunarstað í landi Litlu - Strandar í Mývatnssveit. Starfsleyfi hefur hlotið samþykki Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Samkvæmt samningnum greiðir Skútustaðahreppur kr. 150.000 á ári og er sú upphæð bundin vísitölu neysluverðs án húsnæðis. Jafnframt ber Skútustaðahreppur alla ábyrgð og kostnað sem fylgir seyrulosunarstaðnum. *Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra undirritun. Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu verkefnum sem unnið hefur verið að frá síðasta reglubundna fundi sveitarstjórnar.*
10. Til fundarins eru mættir Gunnar Helgi Guðmundsson, Guðmundur Heiðreksson og Pálmi Þorsteinsson frá Vegagerðinni. Einnig sat Böðvar Pétursson vara sveitarstjórnarfulltrúi og formaður Landbúnaðar og girðinganeftdar fundinn undir þessum lið. Umræður urðu um vegamál, viðhalds og nýframkvæmdir í sveitarfélaginu. Gunnar, Guðmundur, Pálmi og Böðvar yfirgáfu fundinn.
11. Lagt fram aðalfundarboð Mývatnsstofu ehf sem haldinn verður þann 25. mars 2015. Sveitarstjórn samþykkir að sveitarstjóri fari með umboð sveitarfélagsins á fundinum.
12. Umræður urðu um hvernig standa skuli að nafngift á nýja náttúrufyrirbærinu sem myndast hefur í kjölfar eldsumbrotana norðan Vatnajökuls. Í nýsamþykktum lögum um örnefni skal sveitarstjórn hafa frumkvæði af nafngift í samráði við örnefnanefnd. Sveitarstjóra falið að afla nánari upplýsinga um hvernig standa skuli að málum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:30

*Yngvi Ragnar Kristjánsson
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir
Helgi Héðinsson
Sigurður G. Böðvarsson
Friðrik K. Jakobsson
Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri*